



**Samandreginn árshlutareikningur samstæðu**

**1. janúar til 31. mars 2018**

Síminn hf.  
Ármúla 25  
108 Reykjavík  
Kt. 460207-0880

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra.....	2
Rekstrarreikningur.....	3
Yfirlit um heildarafkomu.....	4
Efnahagsreikningur.....	5
Eiginfjáryfirlit.....	6
Sjóðstreymisyfirlit.....	7
Skýringar.....	8 -12
Ársfjórðungsyfirlit.....	13

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Símans hf. og dótturfélaga hans. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningur samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2018 er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Heildartekjur samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 31. mars voru 6.874 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 6.723 m.kr. á sama tímabili árið 2017. Hagnaður var af rekstri samstæðunnar sem nam 887 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 774 m.kr. á sama tímabili 2017. Eignir samstæðunnar námu 60.554 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé nam 37.174 m.kr. og var eiginfjárlutfallið 61,4%. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um breytingar á eigin fé samstæðunnar.

Á aðalfundi Símans hf. þann 15. mars 2018 var samþykkt tillaga stjórnar félagsins um að lækka hlutfé félagsins til jöfnunar á eigin hlutum. Lækkunin nam 194 m.kr. að nafnverði. Á fundinum var einnig samþykkt endurkaupaáætlun á bréfum félagsins að hámarki 1.242 m.kr. að kaupverði. Framkvæmd áætlunarinnar hefst á 2. ársfjórðungi þessa árs.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2018, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. mars 2018 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2018. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að samstæðuárshlutareikningurinn gefi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Símans hf. hafa í dag fjallað um samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2018 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. apríl 2018

## Stjórn

Bertrand B. Kan, formaður

Helga Valfells, varaformaður

Birgir S. Bjarnason

Ksenia Nekrasova

Sylvía Kristín Ólafsdóttir

## Forstjóri

Orri Hauksson

## Rekstrarreikningur 1. janúar til 31. mars 2018

	Skýr.	2018 1.1.-31.3.	2017 1.1.-31.3.
Sala .....	6	6.756	6.602
Kostnaðarverð sölu .....	7	( 3.302)	( 3.246)
<b>Framlegð .....</b>		<b>3.454</b>	<b>3.356</b>
Aðrar rekstrartekjur .....		118	121
Rekstrarkostnaður .....	8	( 2.275)	( 2.290)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>		<b>1.297</b>	<b>1.187</b>
Fjármunatekjur .....		52	135
Fjármagnsgjöld .....		( 241)	( 352)
Gengismunur .....		7	10
Hrein fjármagnsgjöld .....	9	( 182)	( 207)
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		1.115	980
Reiknaðir skattar .....		( 228)	( 206)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>		<b>887</b>	<b>774</b>
EBITDA .....		2.231	2.099
<b>Skipting hagnaðar</b>			
Hluthafar móðurfélags .....		887	780
Minnihluti .....		0	( 6)
Hagnaður tímabilsins .....		887	774
<b>Hagnaður á hlut</b>			
Grunnhagnaður á hlut .....		0,10	0,08
Þynntur hagnaður á hlut .....		0,09	0,08

## Yfirlit um heildarafkomu 1. janúar til 31. mars 2018

---

	Skýr.	2018	2017
		1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>		<b>887</b>	<b>774</b>
<b>Rekstrarliðir sem kunna að verða endurflokkaðir í rekstrarreikningi</b>			
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dótturfélaga .....		0	( 2)
<b>Heildarhagnaður tímabilsins .....</b>		<b>887</b>	<b>772</b>
<b>Heildarhagnaður tímabilsins skiptist þannig</b>			
Hluthafar móðurfélags .....		887	778
Minnihluti .....		0	( 6)
Heildarhagnaður tímabilsins .....		887	772

## Efnahagsreikningur 31. mars 2018

	Skýr.	31.3.2018	31.12.2017
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Rekstrarfjármunir .....		17.247	17.024
Viðskiptavild .....		31.435	31.435
Óefnislegar eignir .....		3.252	3.226
Aðrar eignir .....	10	577	658
		<u>52.511</u>	<u>52.343</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	11	2.348	2.345
Viðskiptakröfur .....	12	4.086	4.470
Aðrar skammtímakröfur .....	13	804	736
Handbært fé .....		805	718
		<u>8.043</u>	<u>8.269</u>
	<b>Eignir alls</b>	<u><u>60.554</u></u>	<u><u>60.612</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutafé .....		9.247	9.247
Yfirverðsreikningur .....		16.406	16.406
Annað eigið fé .....		207	201
Annað bundið eigið fé .....		1.210	1.041
Óráðstafað eigið fé .....		10.104	9.386
	<b>Eigið fé samtals</b>	<u>37.174</u>	<u>36.281</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Langtímaskuldir</b>			
Skuldabréfalán .....		16.493	16.781
Tekjuskattsskuldbinding .....		803	817
	<b>Langtímaskuldir</b>	<u>17.296</u>	<u>17.598</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....		0	500
Viðskiptaskuldir .....		2.870	2.950
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....		1.150	1.150
Skattar til greiðslu .....		431	345
Aðrar skammtímaskuldir .....	15	1.633	1.788
	<b>Skammtímaskuldir</b>	<u>6.084</u>	<u>6.733</u>
	<b>Skuldir samtals</b>	<u>23.380</u>	<u>24.331</u>
	<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<u><u>60.554</u></u>	<u><u>60.612</u></u>

## Eiginfjáryfirlit 31. mars 2018

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Annað eigið fé	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé hluthafa móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samts
Eigið fé 1.1.2017 .....	9.444	17.105	216	467	7.235	34.467 (	207)	34.260
Hagnaður (tap) tímabilsins .....					780	780 (	6)	774
Þýðingarmunur .....				( 2)		( 2)		( 2)
Heildarafkoma tímabilsins .....				( 2)	780	778 (	6)	772
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga .....			12			12		12
Eigið fé 31.3.2017 .....	9.444	17.105	228	465	8.015	35.257 (	213)	35.044
Eigið fé 1.1.2018 .....	9.247	16.406	201	1.041	9.386	36.281	0	36.281
Hagnaður tímabilsins .....				171	716	887	0	887
Aðrar breytingar .....				( 2)	2	0		0
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga .....			6			6		6
Eigið fé 31.3.2018 .....	9.247	16.406	207	1.210	10.104	37.174	0	37.174

## Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 31. mars 2018

	Skýr.	2018	2017
		1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi .....		1.297	1.187
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir og virðisrýrnun .....		934	912
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....		0 (	4)
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi .....		6	13
		<u>2.237</u>	<u>2.108</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, hækkun .....		( 2)	( 175)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, lækkun .....		367	1.296
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímakuldir, lækkun .....		( 212)	( 802)
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>153</u>	<u>319</u>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>2.390</u>	<u>2.427</u>
Innborgaðir vextir .....		55	132
Greiddir vextir .....		( 246)	( 454)
Greiddir skattar .....		( 156)	( 9)
Handbært fé frá rekstri		<u>2.043</u>	<u>2.096</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....		( 1.073)	( 1.062)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....		( 110)	( 133)
Söluverð rekstrarfjármuna .....		1	148
Skuldabréfaeign, breyting .....		28	7
Fjárfestingarhreyfingar		<u>( 1.154)</u>	<u>( 1.040)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímalána .....		( 287)	( 458)
Skammtímalán, breyting .....		( 500)	0
Fjármögnunarhreyfingar		<u>( 787)</u>	<u>( 458)</u>
Hækkun á handbæru fé .....		102	598
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....		( 15)	0
Handbært fé í byrjun tímabilsins .....		718	3.667
Handbært fé í lok tímabilsins .....		<u>805</u>	<u>4.265</u>



# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Síminn hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 25 í Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur fyrir tímabilið janúar til mars 2018 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem "félagsins" og til einstakra félaga sem "dótturfélaga". Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta, afþreyingar og upplýsingatækni.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Símans hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2017. Valdar skýringar eru með árshlutareikningnum til að skýra og upplýsa um rekstur félagsins á tímabilinu og breytingar á fjárhagslegri stöðu frá síðasta ársreikningi.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, [www.siminn.is](http://www.siminn.is) og á vef Kauphallar Íslands: [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com)

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundi þann 24. apríl 2018.

## 3. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

## 4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2017.

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram. Hann er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

Í ársbyrjun 2018 tóku gildi tveir nýir reikningsskilastaðlar, IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini og IFRS 9 Fjármálagerningar. IFRS 15 inniheldur nýjar reglur um skráningu tekna og auknar kröfur um upplýsingagjöf varðandi tekjuskráningu og IFRS 9 inniheldur ný viðmið um flokkun og mat fjármálagerninga. Innleiðing þessara staðla hefur ekki áhrif á árshlutareikninginn.

## Skýringar

### 5. Starfsþáttayfirlit

Yfirlit um starfsþætti veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins og er sett fram með sama hætti og regluleg skýrslugjöf til stjórnar félagsins.

Starfsemi félagsins skiptist í sjö starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir eru :

Starfsþáttur:	Lýsing:
Farsímaþjónusta: .....	Farsímaþjónusta innanlands og erlendis, hvort sem heldur er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta, farsímaþjónusta í heildsölu eða önnur farsímaþjónusta.
Talsímaþjónusta: .....	Talsímaþjónusta í heildsölu og smásölu.
Gagnaflutningur: .....	Gagnaflutningsþjónusta í heildsölu og smásölu, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, stofnnet, heimitaugar og aðgangsnnet.
Sjónvarpsþjónusta: .....	Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins.
Upplýsingatækni: .....	Upplýsingatækniþjónusta, þ.m.t. afnotagjöld, útseld þjónusta og vörusala.
Vörusala búnaðar: .....	Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.
Annað: .....	Útseld vinna vegna fjarskipta (þ.m.t. vettvangsþjónusta) og aðstöðuleiga.

#### Starfsþættir 1.1.-31.3. 2018

	Farsími	Talsími	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Upplýsinga- tækni	Vörusala	Annað	Samtals
Rekstrartekjur .....	1.541	498	2.260	1.167	702	427	279	6.874
Óskipt rekstrargjöld .....								( 4.643)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta .....								2.231
Afskriftir .....								( 934)
Hrein fjármagnsgjöld .....								( 182)
Skattar .....								( 228)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>								<b>887</b>
<b>Fjárfestingar .....</b>								<b>( 1.182)</b>
<b>Óskiptar eignir 31.3.2018 .....</b>								<b>60.554</b>
<b>Óskiptar skuldir 31.3.2018 .....</b>								<b>23.380</b>

#### Starfsþættir 1.1.-31.3. 2017

	Farsími	Talsími	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Upplýsinga- tækni	Vörusala	Annað	Samtals
Rekstrartekjur .....	1.582	546	2.072	1.006	900	371	246	6.723
Óskipt rekstrargjöld .....								( 4.624)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta .....								2.099
Afskriftir og virðisrýrnun .....								( 912)
Hrein fjármagnsgjöld .....								( 207)
Skattar .....								( 206)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>								<b>774</b>
<b>Fjárfestingar .....</b>								<b>( 1.047)</b>
<b>Óskiptar eignir 31.3.2017 .....</b>								<b>63.596</b>
<b>Óskiptar skuldir 31.3.2017 .....</b>								<b>28.552</b>

## Skýringar

### 6. Sala

	2018	2017
Seld þjónusta og vörur greinast þannig:	1.1.-31.3.	1.1.-31.3.
Sala á þjónustu .....	6.036	5.869
Vörusala .....	720	733
	<u>6.756</u>	<u>6.602</u>

Enginn einstakur viðskiptavinur er með meira en 10% af sölu félagsins.

### 7. Kostnaðarverð sölu

Kostnaðarverð sölu greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld .....	865	903
Kostnaðarverð seldrar þjónustu .....	1.060	982
Samtengigjöld .....	198	218
Kostnaðarverð seldra vara .....	607	646
Eignfærð vinna .....	( 191)	( 234)
Afskriftir .....	763	731
	<u>3.302</u>	<u>3.246</u>

Kostnaðarverð seldrar þjónustu samanstendur af; efniskostnaði, þjónustusamningum, leyfisgjöldum, aðkeypri þjónustu og fjarskiptakostnaði.

### 8. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld .....	1.144	1.145
Markaðs- og sölukostnaður .....	130	154
Húsnæðis- og bifreiðakostnaður .....	359	357
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður .....	257	209
Afskrifaðar tapaðar kröfur og breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna .....	( 41)	( 23)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	255	268
Afskriftir og virðisrýrnun .....	171	180
	<u>2.275</u>	<u>2.290</u>

### 9. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

#### Fjármunatekjur

Vaxtatekjur af bankainnistæðum og kröfum .....	50	133
Fenginn arður og söluhagnaður af eignarhlutum .....	2	2
	<u>52</u>	<u>135</u>

#### Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld .....	( 237)	( 327)
Verðbætur .....	0	( 19)
Önnur fjármagnsgjöld .....	( 4)	( 6)
	<u>( 241)</u>	<u>( 352)</u>

Gengismunur .....	7	10
Hrein fjármagnsgjöld .....	<u>( 182)</u>	<u>( 207)</u>

## Skýringar

### 10. Aðrar eignir

Aðrar eignir greinast þannig:	31.3.2018	31.12.2017
Fjárfesting í öðrum félögum .....	221	221
Sjónvarpsefni til sýningar .....	99	99
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	176	229
Langtímakröfur .....	81	109
Aðrar eignir samtals .....	<u>577</u>	<u>658</u>

### 11. Birgðir

Birgðir greinast þannig:		
Vörur til endursölu og rekstrarvörubirgðir .....	1.462	1.372
Sjónvarpsefni til sýningar .....	886	973
Birgðir samtals .....	<u>2.348</u>	<u>2.345</u>

### 12. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:		
Viðskiptakröfur .....	4.324	4.776
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	( 238)	( 306)
Viðskiptakröfur samtals .....	<u>4.086</u>	<u>4.470</u>

### 13. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	649	588
Aðrar skammtímakröfur .....	155	148
Aðrar skammtímakröfur samtals .....	<u>804</u>	<u>736</u>

### 14. Tekjuskattsskuldbinding

Hreyfingar á reiknaðri tekjuskattsskuldbindingu greinast á eftirfarandi hátt:

Reiknuð tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun.....	817	442
Tekjuskattur tímabilsins.....	223	702
Skattar til greiðslu á næsta ári.....	( 237)	( 323)
Leiðrétting frá fyrra ári.....	0	( 4)
Tekjuskattsskuldbinding.....	<u>803</u>	<u>817</u>

### 15. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	31.3.2018	31.12.2017
Áfallinn kostnaður .....	1.014	922
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	310	311
Ógreiddur virðisaukaskattur .....	288	544
Aðrar skammtímaskuldir .....	21	11
Samtals aðrar skammtímaskuldir .....	<u>1.633</u>	<u>1.788</u>

## Skýringar

---

### 16. Óvissa

Félagið stendur í málarekstri vegna mála sem snúa að túlkunum á fjarskipta, fjölmiðla- og samkeppnislögum. Sýn hf. (Vodafone) hafa stefnt félaginu til greiðslu skaðabóta vegna meints ólögmæts verðþrýstings. Nemur stefnufjárhæð í málinu ríflega níu hundruð milljónum króna. Inter, sem eru samtök aðila er veita internetþjónustu, hafa sent kröfu og krafist skaðabóta að fjárhæð allt að þremur milljörðum króna vegna meintra brota á samkeppnislögum. Félög innan samtakanna hafa óskað eftir dómkvaðningu matsmanna. Einnig hafa félögin höfðað viðurkenningarmál gegn Símanum þar sem krafist er viðurkenningar á skaðabótaskyldu. TSC ehf. hefur stefnt félaginu til greiðslu skaðabóta vegna meintra brota á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2015. Nemur stefnufjárhæðin rúmlega hundruð milljónum króna. Félagið hefur hafnað málatilbúnaði gagnaðila í öllum málunum og gagnstefnt Vodafone.

Síminn og Vodafone hafa átt í ágreiningi í tengslum við dreifingu á sjónvarpsefni. Póst- og fjarskiptastofnun hefur verið með til meðferðar kvörtun Vodafone gegn Símanum vegna meintra brota á fjölmiðlalögum. Félagið telur að háttsemi þess sé í fullu samræmi við ákvæði fjölmiðlalaga. Í desember 2015 samþykkti Sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu kröfu félagsins um að lagt yrði lögban á Vodafone vegna dreifingar á myndefni með ólínulegum hætti. Félagið höfðaði í kjölfarið staðfestingarmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Héraðsdómur samþykkti kröfu Símans þann 28. apríl síðastliðinn. Vodafone hefur áfrýjað málinu til Hæstaréttar.

Þrátt fyrir að óvissa sé um niðurstöður þessara mála er það mat stjórnenda að ekki komi til verulegra fjárútláta vegna þeirra. Í þeim tilvikum sem talið er að félagið geti þurft að greiða bætur vegna málareksturs á hendur þess er sá kostnaður áætlaður af stjórnendum félagsins og færður í reikningsskil þess.

### 17. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringar eða breytingar á árslutareikningi.

## Ársfjórðungsyfirlit

	1 F 2017	2 F 2017	3 F 2017	4 F 2017	1 F 2018
Sala .....	6.602	7.145	6.856	7.389	6.756
Kostnaðarverð sölu .....	( 3.246)	( 3.687)	( 3.380)	( 4.105)	( 3.302)
<b>Framlegð .....</b>	<b>3.356</b>	<b>3.458</b>	<b>3.476</b>	<b>3.284</b>	<b>3.454</b>
Aðrar rekstrartekjur .....	121	109	100	111	118
Rekstrarkostnaður .....	( 2.290)	( 2.289)	( 2.113)	( 2.404)	( 2.275)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>	<b>1.187</b>	<b>1.278</b>	<b>1.463</b>	<b>991</b>	<b>1.297</b>
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 207)	( 258)	( 315)	( 343)	( 182)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt .....</b>	<b>980</b>	<b>1.020</b>	<b>1.148</b>	<b>648</b>	<b>1.115</b>
Tekjuskattur .....	( 206)	( 230)	( 243)	( 41)	( 228)
<b>Hagnaður tímabilsins .....</b>	<b>774</b>	<b>790</b>	<b>905</b>	<b>607</b>	<b>887</b>
EBITDA .....	2.099	2.191	2.387	1.930	2.231